# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar, 4. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Reykhólasveit – Gufudalssveit – Barðastrandahreppur – Rauðasandshreppur – Patrekshreppur – Hvallátur – Pétur Jónsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-15, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Vegurinn er einungis grýttir troðningar, og bugðast um endalausar gráar grjótheiðir. Vatnslaust er þar með öllu, nema á einum stað, er heitir þar Gvendarbrunnar, kenndir við Guðmund biskup góða, og á hann að hafa vígt uppsprettu þessa. Jafnan munu ferðamenn hafa stað-næmst við Gvendarbrunna, og skyldi hver maður, er fór þar um, í fyrsta sinn, hlaða þar vörðu. Mun sú venja hafa haldist mjög lengi, og er þar ótölulegur fjöldi af smá vörðum.

Ekki er trútt um að óhreint þætti í Látrabelti, bæði af reimleikum og sjóskrímslum, og eru til sagnir um það.

~~(Brunnalækur heitir þar sem heiðin er hæst. Þegar komið er vestur af heiðinni blasir við Látradalur, fremur lítill. Heitir þar Klofavarða, er halla blasir niður í dalinn. Liggur vegurinn síðan niður fram hjá litlu Stöðuvatni~~ og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~heim að Hvallátrum. Helgafellssókn hafði kennilið úr henni þar. Er talin þingmannaleið þaðan,~~ og að Skarfhól ~~á Rauðasandi:~~)

Hvallátur, er vestasti bær á Íslandi; Bæjarhverfið er við allbreiða vík, austnorðan-vert við Bjargtangana. Norðan við víkina gengur all-hátt fjall þverhnýpt í sjó fram, er heitir Bjarnarnúpur. Er þar fuglabjarg nokkurt. — Útsunnan við víkina gengur fram fjallsmúli, sem Brunnanúpur heitir, en víkin milli hans og Bjartanga heitir Seljavík. Norðan undir núp þessum er hinn gamli verstaður á Brunnum. — Sjálft nesoddinn, er lengst gengur í vestur, heitir Nes og kennist við Bjargtangar. Þar endar Látrabjarg. (~~Er því lýst í sérstökum kafla~~).

Á Hvallátrum hefir um langan aldur verið margbýli og mikil búpeningseign. Nú (~~1914~~) eru þar átta búendur. Túnin eru þar grasgefin, en sendin. Kartöflugarðar eru þar margir og all-miklir. Engjar litlar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en útbeit ágæt. Lömb hafa þar stundum fyrst verið tekin í hús á þorra, og slept aftur á einmánuði. Hefir vetrarbeit löngum þótt kjarngóð í Látrabjargi, en mörg kindin hefir þar hrapað. Þar á Sauðlauksdals kirkja 60 sauða göngu í Látrum, eftir fornum máldögum, þótt eigi hafi verið notað um langa hríð. Einnig á Sauðlauksdalur Sölva-ítak í Látrum. Mun söl mikið hafa verið notuð til forna.

~~m~~ Fyrir víkinni er sandur, sem sumstaðar hefir fokið upp um hlíðarnar. Þar sem raki er nógur í jörð, hafa sandarnir gróið. (Til dæmis er svonefnd Kámafit orðin að iðgrænu haglendi, en var áður sandfláki)

Veiðiskapur hefir jafnan mjög verið stundaður frá Hvallátrum, bæði fiskveiðar, fuglatekja og eggja í Bjarginu, og refaveiðar á vetrum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lvar þá mest „róið á steinbít“

26

Fram til 1890 var sótt þangað mjög til
róðra, af utansveitarmönnum, ~~og sumum~~
úr suðurhluta Barðastrandarsýslu og
víðar að. L Vorið 1882 var þar fyrst verk-
-aður saltfiskur til útflutnings. Það
var gengið þaðan 15 bátar til fiskjar.
Síðari árin er sjór stundaður þaðan af
heimilismönnum og nú ~~sj~~ eingöngu á
vélbátum. Verða þeir tíðum að sækja yfir
hina illræmdu Látraröst. Straumrastir eru
reyndar fyrir öllum nesjum milli Víkn-
-anna, sumar litlu eða engu betri en Látra-
-röst, svo sem fram af Blakknesi og
Bjarnarnúp. — Til skamms tíma ~~hafa~~
voru og fuglaveiðar stundaðar. Þaðan
af miklu. Kappi: ~~Aflaðist~~ Veiddist stund-
-um mjög mikið. Gamall og greinagóður
maður ~~hefir sagt~~ segir ~~(mér)~~ að eitt vorið
hafi veiðst 36 þúsund af fugli í Látrabjargi,
~~og mest~~. Refaveiðarnar hafa líka verið
kappsamlega stundaðar, (~~og [illegible] [illegible]~~ á
~~öðrum stað~~) — Hafa Látrar jafnan verið
taldir með fengsælustu stöðum sýsl-
-unnar og jafnvel á Vestfjörðum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En ekki hafa aflaföng verið tekin þar
skipulagslaust nje án mannrauna í
bjargsiginu. – (~~Einna athafnamestur~~ maður
á ~~Hvallátrum síðari áratugina, var Erlendur~~
~~heitinn Kristjánsson, & lést í maí 1938, 76 ára~~
að ~~aldri. – Hann var og talinn afbragðs göngumaður.~~)
~~Nú skal farið fáeinum orðum Látrabjarg~~
Skal nú í fáum orðum lýst Látrabjörgum
og nokkrum örnefnum þar, en húsaleysi-
-lýsing verður í öðrum kafla.
Vestan við Keflavík, sem getið er að bæ
að framan, gengur fram nestangi er
Brimnes heitir. Þar hefst Látra-
bjarg. Er það um 14. km. langt, að
Bjargtöngum. Fjórar jarðir eiga
bjargið: Keflavík, austasta hlutann,
því næst Breiðavík, sem á Breiða-
-víkurbjarg, ásamt Lambahlíð, þá er
Bæjarbjarg, eign Saurbæjarkirkju. Nær
það frá Lambahlíð að Saxagjá.
Fjórða hlutann eiga Hvallátur, og er
hann mestur, nær frá Saxagjá að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjargtöngum. Þar mun Sauðlauksdals-kirkja hafa átt ítök. Landamerki milli Keflavíkurbjargs og Breiðavíkurbjargs er forvaði, sem nefnist Gorgán, en Melalykkja milli Breiðavíkurbjargs og Bæjarbjargs. Undir Lambahlíð er örlítill vogur, sem heitir Lögmannsvogur. Þangað hleypti Oddur lögmaður Sigurðsson, á skipi sínu Svan og braut hann í spón, seint í ágúst 1715. Menn björguðust allir, og áttu það að þakka einum skipverja Odds, Jóni frá Brandsbúð. Gömul munnmæli í Rauðasandshreppi herma, að hann hafi gengið undir bjarginu inn að Keflavík og útvegað mannhjálp til að draga skipbrotsmennina upp á Bjargbrúnina. Er hann sá eini maður, sem vitað er að komist hafi fyrir Gorgán eða yfir hann.

Frá Djúpadal, innan við Saxagjá og alla leið að Bjargtöngum, er bjargið þverknýptur hamar frá brún í sjó. Er það smáhækkandi frá Töngum inn að Djúpadal. Er Heiðnakinn talin hæst 441 m.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29.

kelur austasti hluti Bjargsins og svo að segja þráðbeinn frá austri til vesturs, en frá Heiðnakinn að Bjargtöngum er það bogabeygt, og sveigist vestasti hlutinn til norðausturs.

Rúmum tveim km. austan við Bjarg-tanga, skagar þunn hamrabrík fram út úr bjarginu í sjó fram, og heitir hún Barð. Ef til vill dregur Barðaströnd, og þar með sýslan, nafn af Barðinu. — Annars er engin heimild til um það, af hverju Barðaströnd dregur nafn.

Frá Hvallátrum liggur vegur ofan við Bjarnarnúp, um Látraháls og að Breiðuvík. Látraháls er brattur að austan með all mörgum smádrögum. Þá liggur vegur af honum niður í vesturbotn Breiðuvíkur, en gatan Reiðvegur er líka, austur eftir háls-brúninni; og síðan niður af

Breiðvíkur-tánni. Breiðvíkin er allstór um sig, en mjög sandorpin að vestan-verðu. Þar ná sandarnir upp að fjallsrótum. Við vesturendann, þar sem ægurinn leggur úti af Hálsinum, eru verbúðir og aðal-lending Breiðvíkinga.

Bærinn í Breiðuvík er upp frá austurbotni víkurinnar. ~~Hefir~~ Það er stór jörð, tún mikið og mjög víðlent land. Útbeit góð og slægjur talsverðar. Dalurinn fram af bænum er og allgrösugur. Hefir lengstum verið þar all-mikill búskapur, og jafnan tvíbýli. Útræði þaðan er og gott. Breiðuvík er kirkju-staður, annexía frá Sauðlauksdal. Eiga þangað kirkjusókn Útvíkur allar, ásamt Keflavík.

Norðaustan við Breiðuvíkina ~~gengur~~ gengur þverhnýpt fjall í sjó fram, um 200 m. á hæð, er heitir Breiti. Vestan undir fjallinu er [illegible], sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hét að Stekk. Norðan við Breiðuvík lækkar fjallið mjög og heitir þá Hnífar. Þar og í Breiðuvíkinni sjálfri er nakkuð af fjöl. ~~og Hnífar~~

~~Vegur~~ Yfir Breiðuvíkinni liggur vegur til Kollsvíkur. Er þar farið um bratt og illfært skarð upp á fjallið, er heitir Flosaskarð. Fjall-leið þessi nefnist Breiðuvíkurháls.

Kollsvíkin er nyrzt af Útvíkunum, milli Hnífa og Blakksness, að austan. Kollsvík er landnámsjörð. Dregur hún nafn af Kolla, fóstbróður Örlygs gamla, sem fyrstur gaf Patreksfirði nafn, og var einn vetur í Örlygshöfn, en nam síðan Kjálarnes. Varð þá Kolli eftir og nam víkina. — Í Kollsvík eru þrjár jarðir: Kollsvík, Láganúpur og Grundir. — Á sumum jörðunum er fleirbýli. Landsnytjar eru svipaðar í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kallsvík, og í hinum víkunum, en ~~hagar~~ hagar þó vart jafn góðir, og bjargræði engin. Ljósleitir ægisandar eru þar með sjó fram, eins og í hinum víkunum. Útræði er gott í Kallsvík, og aflasæld á grunnmiðum vor og haust. – Tveir boðar sem Klakkar nefnast, eru framan við lendinguna og taka mikið úr brimi. Til Kallsvíkur var mjög sótt til róðra víðsvegar að, meðan sjór var eingöngu sóttur á árabátum. Um síðustu alda-mót gengu þaðan 25 bátar, og munu svo löngum hafa verið fram undir stríðið. Nú stunda sjó þaðan einungis heima-menn á 4-6 smávélbátum.

Norðan við ~~Blakksnes~~ Kallsvík gengur fram hið hrikalega Blakksnes (Straumnes) í sjó fram. Er það sæbratt mjög, með svörtum hömrum og hengi-flugum, tæplega 300 m. að hæð. Fjallið sjálft heitir Blakkur. Fram undan nesinu er boði, hættulegur sjófarendum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33.

Úfin straumröst er og fram af nesinu austan við Blakknes skerst Patreksfjörður inn. Hann er um 26 km að lengd. Innan við Nesið taka við sæbrattar hamrahlíðar. Þar er dalkorn lítið, sem heitir Láturdalur. (~~Er þar litlu háttar graslendi, er liggur milli Hænuvík~~. ~~Þar er sauðbeit góð~~.

Í Láturdal er engin bygð, en fyrrum var oft legið þar við sjóra (~~að vorinu og framan af sumri. Er þar skammt til fiskveiða, en brimasamt mjög, því lending er fyrir opnu hafi.~~)

Hænuvík er yzti bær við Patreksfjörð vestanverðan. Fram af víkinni er allmikill dalur, og grösugur upp í miðjar hlíðar, en gróðurlaus, er ofar dregur. Á öllum þessum skaga nær gróður óvíða upp fyrir miðjar hlíðarnar. Hænuvík er beitarjörð góð, og jafnan hafa sjóróðrar ~~og~~ verið stundaðir þar. – (~~Stundum hefir jafnan verið í Hænuvík~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skammt innan við Hænuvík er lítil
dalkvos. Þar er bærinn Sellátranes á sjávar-
-bakkanum, lítil jörð en notasæl. Ekki
sér þar sól á vetrum í 18-20 vikur.

Innan vert við Sellátranes ~~en~~ taka
við brattar hamrahlíðar um bæjar-
-leið á lengd, en vegur með sjó fram.
Fyrir innan hlíðar þessar eru sléttir
vallendisbakkar. Heitir það á Gjögrum
Er þar lending dágóð, ~~og jafnan fóru
Víkurmenn þaðan á bát yfir á „Eyrar",~~
~~(Patreksfjörð)~~
~~er þeir seldu kaupstað en komust ekki
-að fara ekki á sjó heiman frá sér,
svo og Hafnarmenn. Stundum hefir
og verið róið þaðan~~. Þar var fyrir ~~so~~
-nokkrum árum reist sláturhús all-
-stórt. Þar hefir og verið haldin úti-
-samkoma, enda valinn staður til mann-
-funda.

Innan við Gjögra gengur dalur all-
-mikill í útsuður þvert frá firðinum.
Dalur þessi heitir Örlygshöfn, gró-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-ngen vel en sandar með sjónum. Lág-
-dalurinn er marflatur, svo að sjór gengur
um stórstraum langt fram eftir miðjum
dalnum, heitir það Hafnarvaðall. Er
þar bátgengt um flæðar fram endi-
-langan vaðalinn, en grösug áveitu-
-engi beggja megin, og hinar bestu
slægjur.

Þrjár jarðir eru í Lágdalnum:
Tunga, Geitagil og Hnjótur. Er tvíbýli
á hverri jörð, en áður voru býlin fleiri;
og grasbýli nokkur að auki, sem nú eru
í eyði. — Dalur þessi hefir til forna
verið fjörður, en svo fylst upp af skelja-
-sandi, sem allstaðar berst upp úr
fjörunum, og árframburðinum.
Á Hnjóti er lítið rafmagnsstöð til ljósa,
suðu og hitunar. — Slægjur eru góðar á
Hnjót og í Tungu, á löndum og greiðfærum
áveituengjum, út frá heim; en Geitagil
á slægjur í dalnum fram af bæðlinum.
er Miklidalur heitir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tunga er þingstaður,

Austan vert við Örlygshöfn gengur þver-
-hnýptur hamramúli í sjó fram, hlað-
-inn upp af reglulegum, láréttum
basaltlögum, er heitir Hafnarmúli.
Er hann ~~[illegible]~~ (einkennilega) fagur, eink-
-um af sjó að sjá. Ókleifur er hann
nær því allstaðar. Múlinn er nál.
300 m. á hæð, hamraveggirnir um 200
m. en undirhlíðar um 100 m. Er hann
hin tröllauknasta ~~hamrakastali~~ Kastala-
-borg. Þar sem múlinn gengur út
frá fjallinu má ganga upp á hann
Að ofan er hann flatur og sléttur.
Flöturinn er um 1300 m. á lengd og
300 m. á breidd. Undir múlanum má
ganga með sjó fram, ef eigi er stórbrim,
eða stórstraumsflæði. Er þar um ilfærar
urðir að fara. Gönguleiðin er líka farin
í miðri hlíð, og er þá hengiflug, bæði
fyrir ofan og neðan. Þar var áður farið
með hesta, en kring um 1860 voru tveir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kolnmann þar á ferð með reiðingshest, og hrapaði hann fram af Klettinum. Er önnur þessi kona enn á lífi (1935) 92. ára að aldri. Mun leið þessi hafa lagst af úr því, sem hestavegur. Er nú farið fram Mosdal, sem er gróðurlítill smá-dalur austanvert við múlann og nærri Kálfatal.

Skammt innan við Hafnarmúla er Vatnsdalur. Það er fagur og vel gjört jörð, ~~og~~ hey til aðdrátta, lökust hefir verið þaðan lengstum. Tún er þar allstórt. Innan við Vatnsdal taka við svonefndar ~~Skriður~~ Skriður. Eru þar snarbrattar en sæmilegar hestavegur, í miðjum hlíðum. Inn í Skriðurnar skerst smádalur, sem heitir Skolladalur. Er þar beitiland allmikið og lítilsháttar slægjur, nytjað frá Hvígindisdal. — Utanvert í Skrið-unum er djúpur gilfarvegur niður hlíðina, er nefnist Dilldargil. Árið 1931 fórst þar ungur maður í snjóflóði, Brynjólfur Jónsson, en annar maður er

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var í för nað honum bjargaðist. Innar-
-lega í Skriðunum heitir Steingrímsleif
hún nafn það standa í sambandi við
slysfarir.

Kvígindisdalur, er ~~nr~~ innan við Skrið-
-urnar. Það er farsæl jörð og notagóð.
Hefir þar mikið verið gert til umbóta.
Tún er þar all mikið, uppgrónar, gróð-
-urar sandöldur. Sandland er þar gott.
Jafnan hafa verið stundaðir þaðan
sjóróðrar, þar til allra síðustu árin.
Þar er rafmagnsstöð ~~(til ljósa, suðu
og hitunar)~~. – Þar er og aðsetur
Sparisjóðs Rauðasandshrepps.
Jafnan hefir verið vel búið í –
Kvígindisdal.
Næsti bær innan við ~~S~~ Kvígindisdal
er Sauðlauksdalur. Stendur bærinn
all-langt inn í dalnum við stórt
vatn. ~~þar~~. – Allt leið frá sjó og heim
að vatni er gróðurlaus sandauðn, sem
nær að austanverðu allt frá túni í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Korgindisdal. Heim undir bæ í Sand-
-lauksdal er landið uppblásið af
sandfoki. Þó hafa ekki orðið mikil
spell af sandfokinu seinustu árin. Eru
nú sandflesjan a öðrum að gróa aftur.
Hefir verið gert þar allmikið svæði
til sandgræðslu, og virðist það ætla
að bera ~~nokkurn~~ árangur.

Í Sandlauksdalur er prestsetur og
kirkjustaður. Björn prófastur Halldórs-
-son og Eggert Ólafsson gerðu þann garð
frægan á 18. öld. Þar voru fyrst rækt-
-aðar kartöflur á Íslandi: Sér enn
fyrir þeim görðum og sömuleiðis fyrir
blómagarði séra Björns. Er þar kallað
Akurgarði. – Kúmen vex þar enn
sjálfsáið. – Litlar aðrar menjar
sér þar nú eftir séra Björn, nema
garðinn Ranglát,[1] sem hann lét
hlaða til varnar sandfoki. Var
sá garður ekki vinsæll af þeim, sem
að honum unnu, eins og nafnið bendir
til.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í Sandlaukadal er tún stórt, og hefir það þó einhvern tíma stærra verið, en sandfok hefir brotið af því neðan frá Ranglát og heim undir bæ. Sér einhvern tíma fyrir rústum uppi í 5. m. háum landbrotsbakka nálægt Ranglát. — Túnið er allgreiðfært, uppgrónar sandöldur og sæmilega gras-gefið, einkum í vætusumrum.

Dalurinn er gróðurgóður og sumarfagur. Vatnið er þar til mikillar prýði. Er í því nokkur silungsveiði. Í Sandlauks-dals eru bithagar óþrjótanlegir og góðir, og skjólasamt í flestum áttum. framm í dalnum. Heitt er þar á sól-skinsdögum á sumrin og lognsamt.

Fyrrum var tvíbýli í Sandlaukadal. ~~s. m. h.~~ ~~óðum heim. Hét þá annað býlið Dalshús og talið hjáleiga. Stóð bærinn framm í túninu þar sem fjárhús eru nú.~~
~~Til forna- manna gæti hafa verið tvær hjáleigurnar, hærri og neðri Dalshús, og sú hærri þar sem nú er hesthús og votheysgryfja. Aska og~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~þeir sumar við gröft í báðum þessum stöðum) – Dalstúns nafnið hafa verið byggð áður hvorn fram yfir 1880)~~

Lítið þurrabúðarkot var og eitt sinn í túngarðinum nálægt Tranglát, hét það Leifstúns, eða í Leifunum. Bjó þar Karl, sem Leifur hét fyrir löngu síðan. Þetta var byggingabréfið hans:

„Leifur hefir leyfi til í Leifum búa,
þar til hann er laus við lúa,
og lýðir gera að honum hlúa."

Líklega eina byggingarbréfið, sem sett hefir verið í ljóð, á landinu.

Sjálfur mun Sandlauksdalurinn vera 5-6 km á lengd. Úr botni hans liggur daldrag gegnum fjallið, alla leið vestur í Keflavík. Heitir það Dalvörki. Var þar áður vegur. Mun Eggert Ólafsson hafa látið reiða búslóð sína þessa leið til skips, er hann flutti úr Sandlauksdal, og hvarf í Breiðafjörð.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegur er frá Sauðlauksdal að Bæ á Rauða-
-sandi. Er sú leið kölluð Dalsfjall. Er
það all grösugt.

Austan úr Sauðlauksdalnum gengur fram
fjallsmúli, grösugur lítill. Heitir hann Skers-
-múli. Fram undan honum leggur Sauð-
-lauksdalssandurinn sig í langan og breiðan
odda fram í fjörðinn, nær því miðjan
Sandoddinn ver ~~[illegible]~~ sinn fjörðinn fyrir haf-
-sjó, ~~því~~ ~~sem~~ brotnar þar á tanganum.
Innan úr Sandodda er breið vík,
Skersbugur. Er þar mikið útfiri.
Kúfiskfelgja er þar mikil, og kúfiskkar-
-inn tekinn með hrífunum um
stórstraumsfjörur. Er einkennilegt að
sjá fjölda manna vaðandi langt út
og kafa með hrífunum til axla eftir
kúfiskinum. Var venjulega greidd
1 króna fyrir hvern mann ~~um~~ yfir
fjöruna. Komið hefir það fyrir,
að fjórir menn hafa hlaðið fjögra

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mannafar á einni fjöru, og er það mikil kúfiskaafli. – Síðustu árin hefir Bugurinn lítt eða ekki verið notaður til beitutekju.

Tún með Bugnum er lág slétt, Skarðslétt með Klettabrúnunum, en grösug lítið neðar. Innan við hana er bærinn Hvalsker, fast við sjóinn. Jörð þessi er ekki stór, en notagóð og vel í sveit sett. Slægjur eru þar fremur rýrar, en beit dágott. ~~og Sauðland sumar og vetur~~) Nokkur hlunnindi voru að beitutekju í Bugnum, meðan hún var notuð.

(~~Lítið grasbýli var á Hvalskeri og nefnt var Brautarstaðir. Var það byggt laust fyrir síðustu aldamót og lagðist niður 1936. Karlsstaðir er afar fornt eyðibýli innan við túnið á Hvalskeri.~~)

Akfær vegur liggur frá Hvalskeri yfir fjallið, á Rauðasand. Hafa Rauðsendingar þar vörubíls og sláturhús, þar er löggiltur verslunarstaður, og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í dalbotni Kaupfélag. Strandferðaskip
koma þangað stöku sinnum.

Skammt fyrir innan Hvalsker er
bærinn Kot, smábýli, en notagott.
Fram um miðja síðustu öld voru
þarna beitarhús frá Skápadal.
Síðar var Kot keypt undan aðaljörð-
-inni, og þá metið ~~það~~ þriðjungur
hennar.

Í landi jarðar þessarar sér fyrir
fornu eyðibýli, sem kallað er Konungs
-staðir. Óvíst er hvort séra Björn Hall-
-dórsson hefir haft Kot þetta í huga,
er hann samdi Atla. En óhugsandi
er, að mögulegt hafi verið að hafa
þann búskap í Koti þessu, sem
hann ætlar Atla, að hafa á Konungs
-stöðum, því þarna er nauða gróða-
-snautt land.

Skápadalur er næsti bær innan

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við Kot. Stendur hann svo að segja fyrir fjarðarbotninum. Gengur þar dalur inn í fjöllin, girtur háum hömrum, með hrikalegum gljúfrum í botninum. Landrými er þama meira en á Koti; en landkostir að öðru svipaðir og á Skápadal. Gengur Ósafjörður, sem naumlega verður aðskilinn í fjarðarbotninum, beint í austur.

Fram með Ósafirði að sunnan, er há hamrahlíð, sem heitir Skápadalshlíð. Upp frá botni Ósafjarðar liggur vegurinn uppá Kleifaheiði til Barðastrandar. Er all brattt þar upp svonefndar Kleifar. Á löngum kafla liggur gatan upp með hrikalegu gljúfri, sem kallast Barðagil

~~Áður fyr var gatan all-tæpt á gljúfurbarminum, og var þá oft ofsi á veðrum, sökum harðfennis.~~ Síðar var gatan ~~[illegible]~~ [illegible] ... þessi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er ~~samilgar, og gafurnar all rudder,~~ enda
er ~~pettu er af Bandastrind til Dalaleysfjarðar~~
'Ósá, rennur ~~er~~ í mjóum snardjúpum ál
í fjörðinn, og heitir það Stokkur
Bærinn Vestur-Botn stendur góðan
spöl frá sjó, norðan 'Ósafjarðar. Það er
mikil flutningsjörð, landrými mikið,
beitiland gott, (~~Kostir~~) og skóglendi nokkurt.
'Áður var skógur þar all mikill, og átti
Sauðlauksdals kirkja þar ítök. Skógurinn
er ~~nú~~ mjög genginn til rýrnunar, fyrir ágang,
en menn nú að mestu friðaður.
Síðan árin hefir ferðum oft gengið alla
leið inn á 'Ósafjörð. Hefir oftast þar til
gjörðu menn frá nálægum bæjum, eink-
-um Vestur-Botni og Skápadal, og því
þótt ~~vart~~ naumast hafi neitt orðið ~~annars~~
~~-staðar~~, utar í firðinum, (~~enda hafa~~
~~búið þar á langa- og oftast einu~~).
Hlaðseyri er næsti bær út frá Botni, út
með firðinum. ~~Bærinn stendur á lag-~~
~~-legri eyri, undir lítilli brekku hjalla~~
~~og er þar einkar fallegt.~~ ~~Hlaðseyri~~ er

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~er te~~ það lítil jörð en hæg og notagóð. —
Skammt utan við Hlaðseyri ganga
Klettabríkur þrennar fast fram að
ferðinni. Heita þær Stapar. Verður
þar stundum ~~ill~~ illfær leið á vetrum.
Þar utan við skerst þröngur dalur
inn í fjallið, er heitir Raknadalur
Bær stendur þar á háum bökkum skammt
frá sjó, samnefndur dalnum. ~~Eftir~~,
~~nafni~~ jörð þessi er lítil og slægnarýr,
en útigangur allgóður fyrir kindur.
~~(Og vorgott, enda nýtur vel sólar á
Raknadalshlíð, sem er brött og brjóstug
Klettahlíð út með Patreksfirðinum)~~
Í fjallgarðinum milli Patreksfjarðar og
Tálknafjarðar, í landi Raknadals, hafa
fundizt mókol (surtarbrandur). ~~(Lítil
not hafa þó orðið að eldsneyti þessu.)~~
Utarlega á Raknadalshlíð, er bergsnös
niður úr Klettabeltið, sem er með allri
hlíðarbrúninni. — Bergsnös þessi
heitir Altarisberg. Þar eru landamerki
milli Raknadals og Geirseyrar og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N3



jafnframt [illegible] Brandasands- og [illegible]

Útskagi þessi, milli Breiðafjarðar og [illegible]-fjarðar, sem hér hefir lýst verið, er fremur harðlegur skjálgur. – Gróður er mjög lítill, nema í víkum og dalladrögum, er ná óvíða hærra en í miðjar hlíðar. – Mestur hluti kjálkans er algjörlega gróðurlaus líð(?) efra, nema af gambramosa, sem víða klæðir þessa hrikalegu grjótauðn. – (Úr því kemur inn að Sandlandsdal; er gróður og beitiland gott á fjöllum uppi, og sumstaðar slægjublettir. Á svæðinu frá Sandlandsdal að Skálpadal ganga hvergi sæbrattar(?) niður í sjó fram, eins og víðast annarsstaðar, heldur aflíðandi gróin hlíð).

# Patrekshreppur

Jarðirnar Geirseyri og Vatneyri eiga land frá Altarisbergi að Tálkna. Þær voru fyrrum venjulega kallaðar Eyrar, og svo & oft ennþá. Nú mynda þær báðar sama kauptúnið, sem gengur undir nafninu Patreks-fjörður. Árni Magnússon telur Vatneyri vera byggða af Geirseyrarlandi. (Sbr. Jarðabók Johnsens).

Kauptúnið stendur á fyrnefndum eyrum og ~~brekkum~~, brekkum undir mjög hrjóstrugri hlíð [illegible] ~~utanvert~~ mynni ~~dalsins~~ mynni Mikladals og Litladals. Mikladalur liggur upp frá Geirseyri, langur en gróður-lítill. Um hann liggur þjóð-vegurinn ~~x~~ niður í Tálknafjarðar-botn. Mun sá vegur vera um það [illegible] bráðlega bílfær. Utan við mynni Mikladals liggur hlíð [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til austurs, er nefnist Hlíðardalur.
Þar liggur vegur um Lambeyrarháls niður að miðjum Tálknafirði. Er sá vegur + jafnan farinn af gangandi mönnum, og síðan yfir hið örmjóa sund milli Lambeyrar og Sveinseyrar.
Geirseyri er innar, og ~~[illegible]~~ gengur lítt fram ~~út~~ í fjörðinn, en Vatneyri ~~[illegible]~~ er stór malareyri, sem skagar langt út í fjörðinn. Milli eyranna myndast breið vík og hið ákjósanlegasta stórskipalægi. Á báðum eyrunum hafa lengstum verið allstór tún, en grýtt og garðgrunn. Á allmörgum stöðum í fjörunni og umhverfis það. hafa nú síðari árin verið ræktaðir túnblettir, á ~~stór~~ grýttum urðahryggjum, með miklum fyrirhöfn, og ~~ærið~~ ærnum kostnaði.
Á Vatneyri er frá náttúrunnar hendi eitt hið ákjósanlegasta fiskverkunarpláss í Vestfjörðum, og þótt víðar væri leitað.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.

Hefir það líka lengstum verið mikið nafnt.

Ofan til á Tyrðinum er tjörn. Veturinn 1916-17 var atvinnuleysi á Patreksfirði; Gaf Ólafur Jóhannesson mönnum þá kost á að ~~fly~~ færa grjót í tjörnina, og sökkva því þar niður. Velið gekk ofan fram, og ómyndaðist þarna hólmi nálægt þverfetrar að stærð. Mold var síðan flutt þangað og tyrft yfir. – Árið 1919 varp ein æðarkolla í hólmanum. Ólafi þótti svo vænt um dúnhreiðrið, að hann geymdi það í pappírspoka í skrifborðsskúffu sinni. Aukið hefir verið við hólmann smám saman; svo hann er nú nálægt tveggja þverfetra. Vorið 1934 sagði Ólafur mér að þá hefðu orpið þar 30 æðarkollur. Þannig hafði ~~hefði~~ þá varpið þarna þrítug-faldast á 15 árum!

Fyrir utan Vatnseyri taka við sæbrattar hamrahlíðar, Tálknahlíðar, ~~ut~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~lítilfjörleg undirlendi~~ víst og smá-
sl~~ögg sléttum~~. Dálítið dalverpi skerst þar
uppi inn í hlíðina, er nefnist Hlíðar-
-dalur. Þaðan voru menn fáein ár stund-
-aðir róðrar vor og sumar; og eru þar
nokkrar búðarústir.

Tálkninn er snarbratt fjall, milli Pat-
reksfjarðar og Tálknafjarðar, svartur
og grett~~inn~~ur, og líkist Blakknesi,
en all ~~mjög~~ miklu lægri.

Á árunum 1860–70 mun Markús
Snæbjörnsson, þáverandi eigandi og ábúandi
Geirseyrar, hafa byrjað þar lítilsháttar
verslun. Bærinn stóð þá efst á túninu,
gáðan spöl frá sjó. Sagt var að hann
hefði fyrst verslað í litlum hjalli í
fjörunni. Mun hann í byrjun einkum
hafa rekið viðskifti við frakkneska
fiskimenn.

Snæbjörnsen (svo var hann jafnan nefndur,
eins og títt var um versl~~unar~~unarmenn í þeim
tímum) var atorkumaður. Hann var

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þilskipaformaður á hákarlaveiðum og sjógarpur mikill. — Smám saman jók Snæbjörnsen verzlun sína. Keypti hann allstóra franska skonnortu, til millilandaferða og kaupferða á sumrum, er hann stundaði lengi víðsvegar um Vestfirði.— Sat hann þá í Kaupmannahöfn á vetrum til þess að annast kaup og sölu á vörum sínum.— Skömmu fyrir 1880, hafði hann ~~sem~~ byggt sölubúð, ásamt öðrum verslunarhúsum við sjóinn. — Réðist hann þá í það, að reisa stórt tvílyft íbúðarhús, hlaðið úr íslenskum steini, og steinlímt. Þótti slíkt stórvirki á þeim tímum. Var þetta hið fyrsta steinhús á Vestfjörðum. Stendur hús þetta ennþá.

Um. 1885 voru ekki aðrar byggingar á Geirseyri, en hús Snæbjörnsens og þrjú til ~~fjöra~~ fjögur hús~~mensku~~mannakot,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fátæklegir torfkofar, og eitt lítið timb-
-urhús, og hin Dönsku. Um þessar
mundir var byggt þar timburhús, ~~sem~~ er
upphaflega skyldi notast ~~til~~ sem veitinga-
-hús, og var nefnt Valhöll. Eigandi
var Jón Bjarnarson, tengdasonur
Snæbjörnsens. Skömmu síðar keypti
Fischer sýslumaður húsið. Nokkru
fyrir aldamótin keypti sr Pétur Á. Ólafs-
-son prófastur hús ~~ið~~ þetta, jók miklu við
það og prýddi á ýmsan ~~hátt~~ hátt.
Bjó hann þar síðan lengi. ~~í því.~~

Árið 1847 seldi Snæbjörnsen verslunar-
-lóð, og húseignir á Geirseyri, dansk-
-íslensku félagi sem hét. Isl. Handels
og Fiskeri Kompagni (I.H.F.). ~~Félag~~
Eftir það jókst hröðum skrefum
þilskipaútvegur á Patreksfirði, og mun
hafa verið gerð út þaðan þegar flest
var, 12–16 þilskip á fiskaveiðar.
Auk þess löjtu og skip ... [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessa frá öðrum verslunarstöðum þess, einnig upp fiski seim til verslunar-báts í ~~Vatnseyri~~ Geirseyri og Vatnseyri. Voru skip þessi ~~öll~~ öll nefnd eyja-nöfnum (Arney. Bjarney, Drangey o.s.fr) Bryggjur voru gerðar fyrir þilskip, og stór-fiskgeymsluhús bygð bæði á Geirseyri og Vatnseyri. Fjölgaði nú fólki fljót að marki í kauptúninu, og voru mörg íbúðarhús reist þessi árin - Aðal-framkvæmdarstjóri J.H.F. var talinn Salomon Davidsen stórkaupmaður í Kaup-mannahöfn, en Björn Sigurðsson, síðar bankastjóri, var yfirframkvæmdarstjóri á Íslandi:- Félag þetta hafði og keypt verslanir Björns í Flatey. og Skarðsstöð, og einhverjar á Snæfellsnesi. - Verslun-arstjóri á Patreksfirði var Pétur A Ólafs-son. Ekki stórfast félag þetta lengi á Patreksfirði. Hætti það verslun og útgerð að fáum árum liðnum, en Pétur A

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafsson keypti húsin og verslunarlóðina
Rak hann verslun, og útgerð í all-stórum
stíl um all-langt skeið. Nú er
engin atvinnurekstur á Geirseyri.
'Árið 1917, seldi Snæbjörnsen jörðina
Geirseyri, miðstandi liganda og
ábúanda Sigurði A Guðmundssyni skipstjóra

Geta má þess Snæbjörnsen til maklegs
lofs, að hann hafði áður gefið lóðir
undir kirkju og kirkjugarð, sjúkrahús
og barnaskóla. Eru nú þær lóðir
mikils virði.

Verslunarstaðurinn á Vatneyri, er elstur
mikla, og hinn upphaflegi verslunarstaður
Patreksfjarðar, frá dögum einokunar-
-verzlunarinnar. Á átjándu mun
fyrst hafa verið byrjað þar verslun,
Frakkar og aðrir erlendir fiskimenn
leituðu þar jafnan hafnar, og höfðu
oft álitleg viðskifti. - Engin tök eru á
að rekja hér sögu verslunarstaðar þessa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 1885 var Sigurður Bachmann eig-
-andi og ábúandi Vatneyrar, og rak þar
jafnframt verslun, samtímis Snæbjörnsen
á Geirseyri.- Þar var þá eitt timburhús,
nokkuð bætt til íbúðar og verzlunar. (~~Annað
timburhús var þar þá í smíðum~~)
Auk þess voru þar 4-5 torfbæir. Sennilega
hefir mannfjöldi á eyrinni þá ekki
verið miklu yfir. 50 manns.
Á síðasta áratug aldarinnar brennur
hús Bachmanns á Vatneyri. Byggði
hann þá nýtt íbúðarhús og sölubúð.
Nokkrum síðar, um 1896, seldi hann
Pétri J. Thorsteinsson í Bíldudal, jörðina
og verslunarhúsin.
Árið 1908. seldi Pétur Thorsteinsson
svonefndu Miljónafélagi eignir sínar
á Vatneyri. Rak það útgerð og verslun
þar, og einnig á Bíldudal þar til félagið
leystist upp á öndverðu ári 1914.
Verslunarstjóri þess var Ólafur Jóhannesson
frá Sveinseyri í Tálknafirði, ~~[illegible]~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~hefti~~. Síðla árs 1914 keypti svo Ólafur Jóhannesson mestan hluta þessarar eignar, jörð, hús og nokkuð af skipastólnum. Gerðist hann umsvifamikill atvinnurekandi, byggði stórt verzlunarhús, stóra hafskipabryggju, mörg hús til fiskgeymslu og fiskverkunar, vélsmiðju, brauðgerðarhús o.fl. Árið 1925 hóf hann togaraútgerð frá Vatneyri, byrjaði með einum skipi; og bætti von bráðar við öðrum togara. Hefir atvinnurekstur þessi stuðlað mjög að auknum fólksflutningi í Kauptúnið. — (~~Ólafur Jóhannesson lést á öndverðu ári 1936, og hafa synir hans síðan~~ ~~rekið~~ ~~stjórnað atvinnurekstrinum~~).

Þá má og geta þess, að Kaupfélag Rauðasandshrepps hóf starfsemi, s. í lok ófriðarins, og byggði verslunarhús, ásamt bátabryggju milli Eyranna. Félagið hætti störfum, fyrir nokkrum árum, og ~~var~~ stofnuðu þá ýmsir Rauðasandshrepps-búar annað Kaupfélag, er hefir aðsetu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og vöruafhendingu í Hvalsken. Síðustu árin var svo stofnað kaupfélag á Patreksfirði; sem nefnist Pöntunarfélag verkamanna. Hefir það nú aðsetur í hinu forna kaupfélagshúsi. ~~Forstöðumaður þess er Baldur Guðmundsson, ungur Patreksfirðingur.~~

Útgerð foraveiðaskipanna mátti heita lítil sem engin á Patreksfirði um 1930 þau árin og áður. Hófst þar all mikil smá-vélbáta-útgerð, en hrakaði þó brátt ~~og~~ og var úr sögunni fyrir 3-4 árum. ~~Þó~~ Síðastliðið ár hefir þó útgerð þessi fyrst aftur í aukana; ~~og gengu margir ofan vélbátar úr kauptúninu síðastlið-ið sumar.~~

Árið 1907, er þilskipaútgerðin þar var upp á sitt besta, var fólksfjölda í „Eyrum" orðinn nálægt 400 manns. Hafði fólki flutt örðuglega að í þorpið. Sýslu-maður og héraðslæknir voru búsettir þar. Kirkjan, sjúkrahúsið og barnaskólan

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

höfði verið komið þar upp. Var um þessar mundir, svo nokkrum fyr, farið að kalla þorpið Patreksfjörð.

Leiðandi menn kauptúnsins töldu þá æskilegt, að það væri skilið frá Rauðasandshreppi, og gert að sérstöku hreppsfélagi, enda var ekki trútt um að tekið væri að bydda á nokkrum ríg og reipstogi milli þorpsins og annara ~~manna~~ hluta hreppsins, út af ýmsum sveitamálum. Létu þá aðrir hreppshlutar sér það vel líka, að skift væri hreppsfélaginu. Fóru hreppaskiftin síðan fram 1907 með sátt og góðu samkomulagi allra hlutaðeigenda.

Rafveita var ~~kr~~ reist handa kauptúninu á öndverðum ófriðarárunum, en einungis til ljósa. Er hún vatnsknúin með lítilli á, sem fellur um Mikladal, niður Geirseyrina. –

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Refaveiðar á Hvallátrum

Í Látrabjargi og grennd þess hefir jafnan verið mikið um refi, ekki síst á vetrum. Virðist svo, sem þeir hafi sótt þar að úr fjarlægð, þegar harðna tók.

Venjan var sú, að menn lágu í fjörunni í legu fyrir lágfótu, þegar skyggni var sæmilegt frá tunglsljósi, og sátu um tófu, er hún rann með sjónum. Grófu þeir sig stundum í sandinn.

Margur hefir átt kalda nótt í þessum útilegum og mátti segja, að ekki væri allar ferðir til fjár, en oft var lítil heppni með, og hver tófubelgur mikils virði. Er það ekki tekið með sældinni að liggja hreyfingarlaus undir steini frostkaldar vetrarnætur, (ef til vill fram á morgun, og hafa menn sjálfsagt ekki ávallt verið sem skyldi klæddir gegn kuldanum).

(Ef til vill hefir veiðimönnunum ornað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

styttunni nokkuð. En þolraun er það, að liggja þannig nótt eftir nótt, og fá ef til ekkert.

Á seinni árum hefir það farið í vöxt að ganga fyrir tófu, þ.e. að rekja spor hennar, fylgja sporrakt er, um fjöll og firnindi, uns tófan er fundin, og elta hana síðan. Er hægt að fá sig bæði þreyttan og svittan á slíku kapp-hlaupi, ekki sízt í vondri færð, og árangurinn jafnan óviss. Oft þreyt-ast menn þannig frá morgni til kvölds svangir og matarlausir, án þess að komast nokkurn tíma í skotfæri.

Stundum er auðvitað heppnin með ~~hjá~~ veiðimanninum, svo að hann nær fallegri tófu, með langt og mikið skott. Magnast þá veiðilöngun~~ina~~ hans um allan helming, ~~bæði hjá veið-~~ -~~manninum, og~~ og hinna, sem ~~hinum~~ við refa-vinnslu fást. Koma þeir að skoða

belginn, strjúka honum og þá síðan setja út í skámmið. Síðan er spurt um öll atvik að fengnum, — ef veiðimaðurinn hefir þá ekki orðið svo innan undir sig, að þegja yfir happinu og leyna því.

Stundum eru tveir og tveir saman í veiðiferðunum. Fylgir það oft gjafast vel í ellingaleik við tófur. Fyrir kemur, að það tekst að flæma tófu inn í smugu í einhverri urðinni, og reynir þá á þolinmæðina að ~~st~~ vera þar á verði, þar til hún kemur út, og vera þá ekki handseinn með ~~skotbossuna~~ skotvopnið, og hæfa vel. Stundum er dagur að kveldi kominn og tekur veiðimaður þá þann kost, að hlaða fyrir holuna og allar nálægar smugur, og gleyma tófu þar til næsta dags.

Tófuferðirnar eru veiðimönnum nær því óþrotlegt umtalsefni, þegar heim er komið. Segja þeir hver

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öðrum frá ferðum sínum og hlaupum, og dutlungum og brellum tófu; hvernig farið hefði, ef hún hefði tekið aðra stefnu; ef annar maður hefði verið hérna eða þarna o.s.frv. — Með sumum refaskyttunum er veiðihugurinn svo vakandi, að þá dreymir fyrir veiði næsta dags, dreymir t.d. byssuna sína mikið. Bíða þeir þá ekki boðanna, en rífa sig upp úr rúminu, og eru ef til vill komnir með tvær afbragðs tófur um hádegi: Mjög er það misjafnt, hve fengsælir menn eru á refaveiðunum. — Mun Erlendur Kristjánsson bóndi í Hvallátrum skara þar fram úr. ~~[illegible]~~ Kvað hann hafa lagt að velli um þrjú hundruð tófur. Er hann nú hættur veiðiskap, enda hniginn að aldri.*)

---

*) Erlendur lést, eftir að þetta er ritað, í maí 1938, 76 ára að aldri. Var hann einn af fremstu atorkubændum sýslunnar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Sjaltan munu ~~...~~ (rifa) [?] vildar hafa orðið að slysum, en Kvíið lifir fyrir að minsta minnadi. Skal hér sagt frá einu slíku atviki:

Fyrir 50-60 árum lá maður nokkur fyrir tófu á nw Kvöld á hatrum. Sér hann þá eitthvað mórautt koma ~~...~~ fram undan steini skamt frá sér. Hyggur hann þetta vera tófu og miðar á það. En atvik þessu vant bramm ekki saman (hvell hettan og púðrið). – Sprettur þá maður upp undan steininum með mórauða loðhúfu á höfði. Er þetta bróðir Skotmannsins, sem líka lá fyrir tófu, og vissi hvorugur af öðrum. Varð skyttun-unni svo felmt við, að eigi verður með orðum lýst.

Pétur Jónsson
frá Stökkum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur